

Töluvert er um það hjá viðskiptavinum að þeir geymi póstinn sinn hjá okkur varanlega jafvel þó þeir sæki póstinn með Outlook eða öðrum póstforritum. Það felst mikið öryggi í að eiga póstinn á tveimur stöðum og aðgengilegan hvaðan sem er í heiminum því sem næst. Í Outlook er netfangið stillt með valmöguleikanum "Leave mail on server" til að fá fram þessa virkni.

Margir færa sig yfir í Silfur hýsinguna í þessum tilgangi enda þar heil 4GB til að safna upp pósti og öðru. Tekin eru dagleg afrit af vef og póstpjónunum okkar og því mjög gott öryggi á þessum gögnum. Eftir nýlega breytingu á gagnaformi pósthólfana eru pósthólfin bæði hraðvirkari og öryggari.